

Áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2024

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Umhverfis- og skipulagssviði

Inngangur

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubáttar sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2022 þá skilaði verkefnahópurinn KFS greiningu á þjónustubætti Bílastæðasjóðs. Stefnt er á að hafa lokið innan ársins 2023 greiningu á tveimur þjónustubáttum, Skrifstofu skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlitinu. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins í tengslum við framlagningu fjárhagsáætlunar.

Stefnt er á að hafa lokið greiningu á öllum þjónustubáttum sviðsins í lok árs 2024 og mun hópurinn í framhaldi af því fara ítarlega yfir allar niðurstöður sem fram hafa komið og greina hvaða þjónustubættir eru í forgangi í endurskoðun. Mikilvægt er að skoða hvaða breytingar hafa orðið á þjónustubáttum frá því að vinna hófst árið 2013 og endurmeta hvort þjónustubættir sem ekki var talið að þyrftu greiningar séu ennþá undanskildir ítarlegri greiningu. Einnig munum við taka hvern greindan þjónustubátt fyrir sig og skoða hvort tillagðar aðgerðir hafi skilað árangri.

Tafla 1. Yfirlit yfir greiningar sem hafa verið framkvæmdar með aðferðafræði KFS.

Þjónustubáttur	Þjónusta sem var greind	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Skipulagsmál		2013	
Hjólreiðaáætlun		2016	350 mkr/ár
Byggingarfulltrúi		2016	220 mkr
LUKR og landupplýsingar		2016	145 mkr
Grasagarður		2016	86 mkr
Vinnuskólinn		2017	241 mkr
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing		2017	1.644 mkr

Samgöngumál		2018	141 mkr
Þjónustumiðstöð borgarlandsins		2019	1.275 mkr
Náttúra&garðar, og umhverfi&útivist		2021	179 mkr
Stefnumótun og greining		2021	135 mkr
Bílastæðasjóður		2022	834 mkr
Skrifstofa skipulagsfulltrúa		2023	Febrúar – maí 2023
Heilbrigðiseftirlit		2023	September – nóvember 2023

Áætlun 2024

Tafla 2. Áætlun um greiningar á árinu 2024.

Þjónustupáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil	Áætluð skil
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds		Janúar-maí	15. maí 2024
Rekstur hverfastöðva austur og vestur		September-nóvember	30. nóvember 2024

Eftirfylgni með aðgerðum

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar greininga á sviðinu.

Þjónustupáttur	Ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Bílastæðsjóður	2022	Lagt er til að gerð verði þjónustukönnun sem kanni öryggistilfinningu notenda bílahúsa. Komið verði á skráningum á ábendingum sem berast í gegnum ábendingarvef og stjórnendur geri samanburð á öryggistilfinningu starfsfólks í kjölfar aukinnar rafrænnar vöktunar.	Eftirfylgni í nóvember 2023